Fréttatilkynning FÍA

Á fundi flugmanna Icelandair í dag, miðvikudaginn 4. nóvember, samþykktu félagsmenn FÍA að efna til atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir sem takmarkast við leiguflug Icelandair/Loftleiða fyrir þriðja aðila. Fyrirhugaðar aðgerðir ná ekki til áætlunarflugs Icelandair og beinast fyrst og fremst að fyrirætlunum Icelandair á Möltu. Kjaraviðræður FÍA og Samtaka atvinnulífsins, sem fara með samningsumboð Icelandair, hafa staðið yfir hjá ríkissáttasemjara frá því í vor og hefur verið lýst árangurslausum. Kjarasamningar hafa verið lausir frá því haustið 2025.

Icelandair ætlar að flytja störf úr landi

Kjaradeila flugmanna og Icelandair snýst ekki lengur aðeins um kaup og kjör, heldur um að halda störfum á Íslandi. Með kaupum á 49% hlut í Fly Play Europe hefur Icelandair tryggt sér aðgang að maltnesku flugrekstrarleyfi og ætlar að úthýsa störfum þangað. Samkvæmt tilkynningu Icelandair til Kauphallar verða vélar leiðakerfisins reknar á Íslandi en „aðrar vélar“ á Möltu.

Við kaupin á maltneska félaginu sagði forstjóri Icelandair tilganginn vera að verja störf í íslenskum fluggeira. Tveimur mánuðum síðar lýsir hann því yfir að kjarasamningsbundinn forgangsréttur flugmanna FÍA nái ekki til starfa á Möltu og hafnar þar með tilkalli flugmanna Icelandair til þessara starfa.

Icelandair ætlar þannig að ganga fram hjá íslenskum kjarasamningum og færa verkefni fyrirtækisins til flugmanna á lakari kjörum. FÍA fordæmir þessar fyrirætlanir fyrirtækisins um félagslegt undirboð og sniðgöngu kjarasamninga. Forgangsréttur flugmanna Icelandair í kjarasamningi er alveg skýr varðandi forgang þeirra í þau störf sem Icelandair hyggst manna með leiguáhöfnum eða gerviverktökum í gegnum Fly Play Europe.

FÍA hefur lagt fram þrjár tillögur

FÍA hefur um langt skeið átt í kjaraviðræðum við samninganefnd Icelandair og Samtök atvinnulífsins. Krafa FÍA er nú sú að flugmenn njóti sömu kjarabóta og samið var um á almennum vinnumarkaði í nafni þjóðarsáttar. Þær kjarabætur hafa þegar boðist öðrum starfshópum hjá Icelandair. FÍA er reiðubúið að ganga frá samningi á þeim grunni strax í dag. Icelandair hefur hafnað þeirri leið.

Flugmenn gera sér fyllilega grein fyrir því hve þungt eldsneytisverð, gengi krónunnar og ETS-gjöld vega í rekstri Icelandair. Til að brúa þetta erfiða tímabil bauðst FÍA til að gera fleytisamning, það er samning til skamms tíma með hóflegum kjarabótum. Icelandair hafnaði því tilboði.

Loks lýsti FÍA sig reiðubúið að fallast á launafrystingu ef Icelandair teldi sér hvoruga leiðina færa. Forsenda þess var að allir starfsmenn Icelandair bæru sinn hluta byrðanna, stjórnendur meðtaldir. Icelandair hafnaði þeirri leið einnig.

Þegar framtíð Icelandair var í húfi árið 2020 samþykktu flugmenn samningsbreytingar sem juku framleiðni um 22% og áttu að lækka einingakostnað um 25%, samkvæmt fjárfestagögnum Icelandair. Nú hefur Icelandair birt mesta rekstrarhagnað á einum ársfjórðungi frá 2017. Flugmenn eru áfram reiðubúnir að leggja sitt af mörkum, sé byrðunum skipt hlutfallslega með sanngjörnum hætti og störfum þeirra ekki fórnað.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Icelandic Airline Pilots' Association
Hlíðasmára 8, 200, Kópavogur

FÍA skorar á stjórnendur Icelandair

Tillagan sem borin verður undir atkvæði flugmanna tekur aðeins til leiguflugs Icelandair/Loftleiða fyrir þriðja aðila. Með þeirri afmörkun vill FÍA hlífa farþegum í leiðakerfi Icelandair við röskun, gæta almannahagsmuna og draga úr áhrifum hugsanlegra aðgerða á íslenskt efnahagslíf.

Stjórnvöld voru fljót að grípa inn í kjaradeilu flugvirkja og boða lagasetningu með vísan til almannahagsmuna. Almannahagsmunir hljóta einnig að felast í því að verja íslensk störf og standa vörð um kjarasamninga.

FÍA skorar á stjórnendur Icelandair að falla frá áformum um flutning starfa úr landi, virða kjarasamningsbundinn forgangsrétt flugmanna og ganga til samninga á sama grunni og öðrum starfshópum hefur þegar boðist.

Stjórn og samninganefnd FÍA

Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Icelandic Airline Pilots' Association
Hlíðasmára 8, 200, Kópavogur